

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

220. fundur

Föstudaginn 29. maí 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Einar Birkir Einarsson og Gunnar Valur Gíslason, sem yfirgaf fundinn kl. 12:30.

Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar var á fundinum á meðan fjallað var um liði 1, 2 og 3. Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- Endurskoðunarnefnd
- Innri endurskoðun - samkomulag
- Skýrsla Innri endurskoðunar (IE) Reykjavíkurborgar
- Árangursmat stjórnar
- Vagnakaup, niðurstaða útboðs
- Ráðning sviðsstjóra akstursþjónustu fyrir fatlað fólk

Tekið fyrir:

- Endurskoðunarnefnd

Á fundi stjórnar Strætó 28. nóvember 2014 var samþykkt að fela endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hlutverk endurskoðunarnefndar félagsins. Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar samkvæmt samþykkt nefndarinnar sem afgreidd var á fundi borgarráðs Reykjavíkurborgar þann 10. júlí 2014 og gildir sú samþykkt einnig gagnvart stjórn Strætó. Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
- að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu og
- að hafa eftirlit með ytri endurskoðun.

Jafnframt ber nefndinni að gæta að óhæði ytri endurskoðenda og setja fram tillögu til stjórnar um ráðningu ytri og innri endurskoðenda.

Fyrir fundinum lágu drög að samkomulagi við endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Samþykkt var að fela stjórnarformanni að undirrita samkomulagið.

- Innri endurskoðun - samkomulag

Á fundi stjórnar Strætó 13. febrúar 2015 var samþykkt að fela Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að sinna innri endurskoðun Strætó fyrir hönd stjórnar. Fyrir fundinum lágu drög að samkomulagi milli Strætó og Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar.

Samþykkt var að vísa málinu til áframhaldandi umfjöllunar á næsta fundi stjórnar.

- Skýrsla Innri endurskoðunar (IE) Reykjavíkurborgar

Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, mætti til fundar við stjórn og svaraði spurningum og athugasemdum varðandi skýrslu um aðdraganda, innleiðingu og framkvæmd breytinga á sameiginlegri ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn Strætó þakkar framlagða skýrslu. Skýrslan er yfirgripsmikil og veitir góða yfirsýn yfir hvernig staðið var að verkefninu, hvað var vel unnið og hvað hefði þurft að gera betur. Í skýrslunni kemur skýrt fram að ábyrgðin á verkefninu liggur víða og að ráðning breytingastjóra hefði verið til þess fallin að greiða fyrir farsælli innleiðingu þeirra breytinga sem fólust í samstarfsyfirlýsingu sveitarfélaganna með heildarhagsmuni að leiðarljósi.

Stjórn Strætó ber ábyrgð á innleiðingu þjónustunnar í samræmi við þjónustulýsingu þar um. Ljóst er að ýmislegt misfórst og umfang verkefnisins var vanmetið. Stjórn Strætó hvarf það en áfram verður unnið að því

að bæta þjónustuna. Mikilvægt er að af niðurstöðum skýrslunnar verði dreginn lærdómur sem nýtist til þess að vinna að áframhaldandi úrbótum á ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn Strætó tekur alvarlega athugasemdir og ábendingar í skýrslu Innri endurskoðunar sem m.a. lúta að verkefnum sem Strætó annaðist við breytingu á ferðaþjónustu fatlaðra. Stjórn Strætó hefur á síðustu misserum unnið að því að bæta stjórnarhætti, skerpa á hlutverki stjórnar og unnið að skýrari og bættum samskiptum byggðasamlagsins við fulltrúa eigenda, skýrsla innri endurskoðunar er mikilvægt innlegg í þá vinnu. Nú stendur yfir rekstrarúttekt á byggðasamlaginu en það er skýr stefna stjórnar að rekstur og stjórnun Strætó bs skulu vera hafin yfir allan vafa. Stjórn Strætó bs. felur framkvæmdastjóra félagsins að vinna úr ábendingum sem fram koma í skýrslu Innri endurskoðunar. Framkvæmdastjóri upplýsi stjórn Strætó bs. um framgang úrvinnslunnar og lokaniðurstöður hennar skulu kynntar fyrir stjórn í ágúst.

Innri endurskoðun ályktar að öryggi farþega í ferðaþjónustu fatlaðs fólks hafi aukist til muna frá því sem áður var og að sú vinna sem Strætó lagði í með fulltrúum Öryrkjabandalagsins, Sjálfsbjörgu og Þroskahjálpi að skerpa á skilyrðum um öryggisatriði í bílum akstursþjónustunnar hafi verið árangursrík. Stjórn Strætó ber miklar væntingar til þess að verið sé að veita góða og örugga þjónustu sem sátt muni ríkja um.

Stjórn vill nota tækifærið og þakka því góða starfsfólki Strætó sem staðið hefur vaktina í ferðaþjónustu fatlaðs fólks á erfiðum tímum undanfarna mánuði. Einnig þakkar stjórn framkvæmdaráði ferðaþjónustunnar, sem skipað var á eigendafundi Strætó þann 6. mars sl., fyrir vel unnin og árangursrík störf og vonast eftir áframhaldandi góðu samstarfi við hagsmunasamtök notenda ferðaþjónustu fatlaðra.

Undir þessa bókun taka;

Bryndís Haraldsdóttir formaður fulltrúi Mosfellsbæjar
Kristín Soffía Jónsdóttir varaformaður, fulltrúi Reykjavíkurborgar
Gunnar Valur Gíslason, fulltrúi Garðabæjar
Einar Birkir Einarsson, fulltrúi Hafnarfjarðar
Sigrún Edda Jónsdóttir, fulltrúi Seltjarnarnesbæjar

Fulltrúi Kópavogs óskar bókað sérstaklega;

Kópavogsbær er ekki þátttakandi í því verkefni sem er til skoðunar í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar.

Undirrituð tekur undir væntingar annarra stjórnarmanna um að verið sé að veita góða og örugga þjónustu og treystir starfsfólki Strætó vel til þeirra verka.

Theódóra Þorsteinsdóttir, fulltrúi Kópavogsbæjar

Gunnar Valur Gíslason vék af fundi.

• Árangursmat stjórnar

Í 11. gr starfsreglna stjórnar Strætó segir að stjórn skuli árlega meta störf sín, verklag og starfshætti, einnig frammistöðu framkvæmdastjóra og þróun félagsins.

Samþykkt var að stjórnarmenn sendi framkvæmdastjóra skoðun sína á drögum að árangursmati stjórnar, stefnt er að því að framkvæma árangursmatið í ágúst næstkomandi.

• Vagnakaup, niðurstaða útboðs

Á fundi stjórnar 30. janúar sl. var samþykkt að veita framkvæmdastjóra heimild til að fara í örútboðsferli um kaup á nýjum strætisvögnum á tímabilinu 2015-2016 í samræmi við gildandi rammisamning frá 24. febrúar 2014 og með hliðsjón af fjárhagsáætlun Strætó 2015 og 2016.

Í byrjun apríl sl. var fundað með rammisamningshöfum og 13. apríl voru örútboðsgögnin afhent. Þann 13. maí 2015 var haldinn opnunarfundur vegna endurnýjunar strætisvagna. Tilboð bárust frá eftirtöldum rammisamningshöfum:

- Yutong Eurobus ehf. (YUTONG)

- BL ehf. (IVECO BUS)
- Hópbílar Kynnisferða ehf. (VDL)

Tilboðin hafa verið yfirfarin og metin á grundvelli ákvæðis í kafla 0.3 "Meðferð og mat á tilboðum" í örútbóðsgögnum nr. I frá því í mars 2015.

Eftirfarandi er niðurstaða eftir yfirferð:

Bjóðandi		Líftíma kostnaður	Stigagið heild
Yutong Eurobus ehf.	Tilboð 1	118.530.979 kr.	89,15
BL ehf.	Tilboð 1	107.422.116 kr.	94,30
BL ehf.	Tilboð 2	114.506.503 kr.	89,40
Hópbílar Kynnisferðir ehf.	Tilboð 1	126.242.578 kr.	73,20

Með vísan til greinar 0.3 „Meðferð og mat á tilboðum“ í örútbóðsgögnum nr. I, frá því mars 2015, samþykkir stjórn að taka tilboði 1 frá BL ehf. í strætisvagna af gerðinni 1.c., þar sem fyrrgreint tilboð frá BL ehf. hlaut hæstu einkunn við mat á tilboðum sbr. grein 0.3.2 í fyrrgreindum örútbóðsgögnum.

- **Ráðning sviðsstjóra akstursþjónustu fyrir fatlað fólk**

Í samræmi við tillögur sérstakrar stjórnar ferðþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu frá 6. mars sl. auglýsti framkvæmdaráð, sem skipað var á eigendafundi Strætó þann sama dag, eftir sviðsstjóra akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Alls sóttu 56 manns um stöðuna. Capacent annaðist ráðningarferlið fyrir Strætó.

Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra um að ráða Erlend Pálsson í stöðu sviðsstjóra akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Framkvæmdastjóra er falið að móta starfslýsingu sviðsstjórans og leggja hana ásamt ráðningarkjörum fyrir stjórn til samþykktar í samræmi við starfsreglur stjórnar. Stjórn Strætó þakkar fráfarandi sviðsstjóra, Smára Ólafssyni, fyrir vel unnin störf.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:10

Fylgiskjöl:

- Samkomulag við endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.
- Skýrsla IE um ferðþjónustu fatlaðs fólks.
- 13002 Samningskaup. Endurnýjun strætisvagna-Örútbóð nr. 1.

Bryndís Haraldsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Sigrún Edda Jónsdóttir

Einar Birkir Einarsson